



starfsmennt
samtaka atvinnulífsins
og flóabandalagsins

Starfsafl

Ársskýrsla
2008



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Efnisyfirlit

Efni	Bls.
1. Yfirlit yfir starfið 2008	2
2. Úthlutun styrkja	3
2.1 Einstaklingsstyrkir	
2.2 Styrkir til fyrirtækja og aðrir verkefnastyrkir	
3. Helstu verkefni Starfsafls árið 2008	11
4. Stefnumótunarfundur Starfsafls í október 2008	14
5. Starfsáætlun Starfsafls 2009	14
6. Fjárhagur Starfsafls	16
6.1 Rekstur 2008 – nokkrar lykiltölur	
6.2 Rekstraráætlun 2009	

Ársreikningar fylgja í sérhefti.

1. Yfirlit starfsins 2008

Það þarf ekki að hafa mörg orð um þær gífurlegu breytingar sem urðu í umhverfi Starfsafls og umhverfi atvinnulífsins á árinu 2008. Þær breytingar eru einsdæmi á síðustu áratugum. Fjöldi félagsmanna aðildarféлага Starfsafls hafa misst atvinnuna eða fyrirtæki sín í gjaldþrot. Margir hafa misst allt sitt við hrun fjármálakerfisins. Það hefur því reynt verulega á innviði Starfsafls eins og annarra stoðkerfa atvinnulífsins. Ekki verður annað séð að sjóðurinn hafi staðist þessa þolraun og sinnt stórauðnum verkefnum eftir bestu getu.

Árið 2008 er fyrsta árið þar sem eingöngu er treyst á starfsmenntagjald sem aðaltekjulind sjóðsins. Framlaga Atvinnuleysistryggingasjóðs naut ekki lengur við eins og verið hafði allt frá stofnun sjóðsins árið 2000. Starfsmenntaiðgjald, sem er hluti launatengdra gjalda, hækkaði um mitt ár úr 0,15% í 0,20% af launum félagsmanna m.a. til að mæta fyrirsjáanlegum samdrætti í atvinnulífinu og aukinni eftirspurn eftir styrkjum sjóðsins. Frá og með árinu 2008 nýtur Starfafl því engra ríkisframlaga heldur er eingöngu fjármagnað af aðilum vinnumarkaðarins.

Árið 2008 er fyrsta árið þar sem stöðugildi sjóðsins er 1,6 allt árið, en Valdís Anna Steingrímsdóttir var ráðin í starf verkefnisstjóra Starfsafls um mitt ár 2007. Til viðbótar sinnir Valdís einnig starfi fyrir aðra fræðslusjóði sem Efling stéttarfélag á aðild að í 40% starfshlutfalli og greiða þeir sjóðir fyrir þá vinnu.

Styrkumsóknum til Starfsafls fjölgaði á liðnu ári, bæði frá einstaklingum og fyrirtækjum. Einstaklingsstyrkir árið 2008 voru 1.470 og fjölgaði um 19% frá árinu 2007. Styrkumsóknum frá fyrirtækjum fjölgaði um 68% frá árinu 2007 og heildarupphæð hækkaði um 40% þrátt fyrir minni þátttöku Starfsafls í íslenskunámi í kjölfar aukinnar niðurgreiðslu ríkisins við þennan málaflokk. Ástæða er til að fagna þessari þróun því það bendir til að fjármagn Starfsafls nýtist fleiri fyrirtækjum og starfsmönnum. En betur má ef duga skal. Það hefur verið lögð sérstök áhersla á að kynna fyrirtækjastyrki úti í atvinnulífinu með margs konar aðgerðum og verður lögð áhersla á þennan þátt í starfi Starfsafls áfram.

Ég vil nota tækifærið og þakka stjórnarmönnum Starfsafls fyrir frábært samstarf og hvatningu sem og öllum starfsmönnum eigenda Starfsafls og fulltrúum og starfsmönnum fyrirtækja sem Starfsafl hefur átt samskipti við á liðnu ári. Árið 2008 fól í sér erfiðleika sem ekki sér fyrir endann á. Stjórn og starfsmenn Starfsafls unnu þá enn frekar sem ein heild við lausn brýnna viðfangsefna. Sú samstaða verður seint fullþökkuð.

Reykjavík, í maí 2009,

Sveinn Aðalsteinsson
framkvæmdastjóri

2. Úthlutun styrkja

Meginhlutverk Starfsafls er styrkja að fyrirtæki og einstaklinga til starfsmenntunar eins og reglur Starfsafls segja til um.

Markmið styrkjanna, hvort sem er til einstaklinga eða fyrirtækja, er að efla starfsmenntun þannig að bæði starfsmaðurinn og fyrirtækið hagnist. Starfsmaðurinn öðlast þar með aukna færni og fyrirtækið eykur framlegð sína. Takmarkið er að auka samkeppnihæfni bæði fyrirtækja og almennra starfsmanna þess.

Starfsafl sinnti sem fyrr miklu kynningarstarfi á þessu sviði á árinu 2008. Farið var í heimsóknir til fyrirtækja, ýmist í fylgd með fulltrúum stéttarfélaga á vinnustaðafundi eða stjórnendur fyrirtækja voru heimsóttir. Þessar heimsóknir skiluðu töluverðum árangri og verður áfram lögð sérstök áhersla á þær á næstu árum.


2.1. Einstaklingsstyrkir

Á árinu 2008 voru veittir alls 1.470 styrkir til einstaklinga í Eflingu stéttarfélagi, Verkalýðsfélaginu Hlíf og Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur. Það er um 19% aukning á fjölda miðað við 2007. Fé til þessara styrkja jókst hlutfallslega meira eða úr 31,7 m.kr. árið 2007 í 38,2 m.kr árið 2008 eða um 21% (Tafla 1). Styrkjum til íslenskukennslu fjölgaði um 21% en heildarupphæð lækkaði um 10% vegna aukinna niðurgreiðslna. Upphæð hvers íslenskustyrks lækkaði töluvert, vegna niðurgreiddra námskeiða, eða að jafnaði úr tæplega 14 þús. kr. í rúmlega 10 þús. kr. pr. nemenda eða um 25% lægri upphæð.

Tafla 1. Fjöldi og heildarupphæð einstaklingsstyrkja Starfsafls 2007 og 2008.

	2007	2008	% breyting frá 2007
Fjöldi styrkja alls	1.233	1.470	+19%
Upphæð styrkja alls	31,7 m.kr	38,3 m.kr	+21%
Meðalupphæð styrks	25.682 kr	26.081 kr	+1%
Fjöldi íslenskustyrkja	519	627	+21%
Upphæð íslenskustyrkja alls	7,1 m.kr	6,4 m.kr	-10%
Meðalupphæð íslenskustyrks	13.615 kr	10.280 kr	-25%

Hámarks styrkupphæð hækkaði úr 50.000 kr í 60.000 kr 1. ágúst 2008 en aldrei er þó meira styrkt en 75% kostnaðar, sem fyrr. Upphæð styrkja fer einnig eftir greiðslum félagsgjalda en fullur styrkur miðaðst við lágmarkslaun sl. 12 mánuða. Þrátt fyrir þessa hækkun hámarksstyrks varð ekki teljandi hækkun milli ára á meðaltalsstyrk sjóðsins sbr. Töflu 1.




Mynd 1. Fjöldi umsókna um einstaklingsstyrki til Starfsafls árið 2008 og dreifing á nám.


Eins og fyrri ár er fjöldi styrkja mestur í íslensku, eða 43% allra styrkja (Mynd 1), nánast sama og árið 2007. Hlutfallslegur kostnaður við íslenskustyrki var hins vegar aðeins 17% (Mynd 2), sbr. 23% árið 2007, sem skýrist af lágri meðalupphæð slíkra styrkja vegna aukinna niðurgreiðslna á árinu 2008. Vísbendingar eru um að þessi hlutfallslegi kostnaður eigi eftir að aukast á árinu 2009 vegna minnkandi niðurgreiðslna. Á móti kemur að hlutfallslegur fjöldi íslenskustyrkja á sennilega eftir að minnka vegna aukins brottflutnings útlendinga. Um það ríkir þó töluverð óvissa. Hlutfallslegur fjöldi umsókna um meirapróf var 7% af heildarfjölda umsókna árið 2008 en hlutfallslegur kostnaður þessara styrkja var 22%, sem eru sömu tölur og sáust árið 2007. Eitthvað hefur dregið úr þessari ásókn í meirapróf það sem af er árs 2009 en kostnaður hefur aukist við almenn ökuréttindi.



*Handhafi starfsmenntaverðlauna ferðapjónustunnar 2008,
Pálmar Sigurðsson hjá Hópbílum, er samstarfsaðili Starfsafls.*



Mynd 2. Hlutfallslegur kostnaður einstaklingsstyrkja Starfsafls árið 2008 á nám.



Mynd 3. Fjöldi styrkja eftir tíma árs árið 2008.

Flestar styrkumsóknir koma til afgreiðslu í lok anna þ.e. maí-júní og des.-jan. (mynd 3). Þetta er nokkuð hefðbundið mynstur miðað við fyrri ár en mun væntanlega breytast á árinu 2009 þar sem reglum sjóðsins hefur verið breytt í þá veru að ekki þarf að ljúka námi til að fá endurgreiðslu. Nú er nóg að sýna fram á greiðslu náms til að fá styrk. Þessum reglum var breytt í lok árs 2008 samkv. ábendingu Vinnumálastofnunar, til að mæta versnandi kjörum félagsmanna.

2.2. Styrkir til fyrirtækja og aðrir verkefnastyrkir


Alls voru veitt 79 styrkloforð til fyrirtækja vegna umsókna þeirra til Starfsafls á árinu 2008 sem er um 68% aukning miðað við 2007. Greiddir voru út 74 styrkir til fyrirtækja að upphæð um 13,0 m.kr. sem er um 68% aukning á fjölda og 40% aukning á heildarupphæð miðað við 2007 (Tafla 2). Að auki voru greiddar um 0,8 m.kr. til félagslegrar fræðslu stéttarféлага Starfsafls. Meðalupphæð styrkja til íslenskukennslu fyrirtækja, sem greiddir voru út 2008, lækkaði umtalsvert en ríkisvaldið styrkti það nám verulega á árinu 2008. Sé það tekið með í reikninginn er ljóst að Starfsafl hefur náð verulegum árangri í að koma styrkjum til starfsmenntunar fyrirtækja á árinu 2008. En betur má ef duga skal.



Eigendur og stjórnendur Loftorku hf. í einni af fyrirtækjaheimsóknum Starfsafls í mars, 2008.


Tafla 2. Fjöldi og heildarupphæð greiddra fyrirtækjastyrkja Starfsafls 2007 og 2008.

	2007	2008	% breyting frá 2007
Fjöldi styrkja alls	44	74	+68%
Upphæð styrkja alls	9,3 m.kr	13,0 m.kr	+40%
Meðalupphæð styrks	210.399 kr	175.709 kr	-16%
Fjöldi íslenskustyrkja	14	18	+29%
Upphæð íslenskustyrkja alls	3,9 m.kr	2,4 m.kr.	-39%
Meðalupphæð íslenskustyrks	279.179 kr	130.608 kr	-53%
Meðalupphæð annarra styrkja	178.302 kr	190.205 kr	+7%



Mynd 4. Hlutfallslegur fjöldi og kostnaður við greidda styrki til fyrirtækja árið 2007, flokkað eftir atvinnugreinum.

Hlutfallslegur kostnaður við styrki



Mynd 5. Hlutfallslegur kostnaður við fyrirtækjastyrki flokkað eftir tegund fræðslu á árinu 2008.



Frá útskrift Steypustöðvarinnar í námskeiði um vistakstur.

Að venju sóttu fyrirtæki um til fjölbreyttra verkefna (Tafla 3). Styrkveitingar til fyrirtækja vegna starfsmenntunar eru enn alltof lágar og ekki samræmi við markmið sjóðsins. Það vantar einfaldlega umsóknir frá fyrirtækjum. Það þýðir að leggja verður áfram sérstaka áherslu á kynningarstarf til fyrirtækja á næstu árum, eins og gerð er grein fyrir í verkefnaáætlun fyrir Starfsafl síðar í þessari skýrslu. Margt hefur áunnist en betur má ef duga skal.

Tafla 3. Dæmi um verkefni og umsækjendur um verkefnastyrki árið 2008.

Umsækjandi	Samstarf	Verkefni
Actavis	Enskuskólinn	Enskunám
Center Hotels	Iðan	Ýmis námskeið
Fönn ehf.	Lausnir	Fjölbjóðleg menning
HB Grandi	Sýni ehf	Gæði matvæla
IGS Ground Services	MSS	Ýmis námskeið
Kaffitár	MSS	Ýmis námskeið
SAF	Ýmsir aðilar	Dagur menntunar í ferðaþj.
Samskip	Mímir	Flutningaskóli Samskipa
Svefn og heilsa	Ökuskóli S.G.	Ökunám, meirapróf
Einingarverksmiðjan Borg	Mímir	Íslenska
Farfuglaheimilið í Reykjavík	RK Skyndihjálpi	Skyndihjálpi
Firmex-Alex ehf	MSS	Nýliðaverkefni
FoodCo hf	Sýni ehf	Gæði matvæla
Gámaþjónustan	NTV	Tölvunám
Grand hótél Reykjavík	Mínerva	Nýliðaverkefni
H. Pétursson ehf	Saga academia	Íslenska
Hagvagnar	Alþjóðahús	Íslenska
Háfell ehf.	Mímir	Íslenska
Hollt og gott	Sýni ehf	Gæði matvæla
Hópfæðabíllar Allrahanda	Mímir	Íslenska
Hótél Reykjavík centrum	Mínerva	Nýliðaverkefni
Hreint ehf.	Alþjóðahús	Íslenska
Jarðboranir	Öryggisfyrirtæki	Skyndihjálpi og öryggi
Kaffi Duus	MSS	Nýliðaverkefni
KAXMA ehf	VR, Rvíkurborg o.fl.	Kennslumynddiskur
Kynnisferðir ehf	Mímir	Íslenska
Langbest veitingar	MSS	Nýliðaverkefni
Lóðaðþjónustan ehf.	Mímir	Íslenska
Málning hf	VST	Gæðastaðlar
Nings	Ýmsir aðilar	Öryggismál
Radisson SAS 1919 Hótél	The Business School, NL	Stjórnun
Skeljungur hf	SR Training	Þjónustunámskeið
Skólatur.is	Sýni ehf	Gæði matvæla
Sólarræsting ehf	Mímir	Íslenska
Vífilfell hf.	InPro	Líkamsbeiting
Ölgerðin ehf	Minerva	Nýliðaverkefni

Markaðsstarf

Sem dæmi um markaðsstarf Starfsafls má nefna eftirfarandi atriði.

- Lögð vinna í að uppfæra heimasíðu Starfsafls með reglubundnum hætti og hafa upplýsingar þar réttar og áhugaverðar.
- Settar hafa verið auglýsingar í dagblöðin (Fréttablaðið og Morgunblaðið) sérstaklega þegar þau hafa verið með sérblöð um fræðslu en það hefur engu skilað í auknum fyrirspurnum. Til athugunar er að nota ljósvakamiðla sem ungt fólk hlustar eða horfir á.
- Unnið er að auglýsingum og sérstakri síðu á Facebook samskiptavefnum.
- Framkvæmdastjóri hefur skrifað greinar í dagblöð vakin er athygli á þjónustu Starfsafls. Þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi að vekja athygli stjórnenda á starfsmenntamálum.
- Starfsafl hefur verið með fasta auglýsingu á ensku í blað Alþjóðahússins sem hefur skilað sér ágætlega.
- Framkvæmdastjóri hefur einbeitt sér að skrifum í félagsblöð Eflingar, Hlífar og námskrá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum en öllum þessum blöðum er dreift ókeypis til félagsmanna. Þar tökum við dæmi um félagsmenn sem hafa notið fyrirgreiðslu (vitnisburður) og skilar það ágætum árangri. Í þessum blöðum er einnig efni á ensku. Reynt er að hafa auglýsingar bæði á ensku og íslensku. Jafnframt höfum við verið með auglýsingar í þessum blöðum sem við greiðum fyrir.
- Einnig er komið efni á framfæri í miðla Samtaka atvinnulífsins oft eftir ábendingum og vinnu stjórnarmanna SA í Starfsafl. Hefur oft skilað miklu í fyrirspurnum til Starfsafls.
- Starfsmenn Starfsafls taka þátt í vinnustaðafundum eins og kostur er. Í viku símenntunar hafa starfsmenn farið í fyrirtæki og kynnt þjónustu sjóðsins í matar- og kaffitímum, gjarnan með námsráðgjöfum Mímis (námsráðgjöf á vinnustað, sjá mimir.is). Hefur skilað töluverðu.
- Heimsóknir í fyrirtæki er sú leið sem hefur skilað bestum árangri. Rætt er við stjórnendur og skildir eftir bæklinga til starfsmanna varðandi einstaklingsstyrki, til að setja á kaffistofur. Ef stjórnendur eru jákvæðir þá koma þeir af stað fræðslu fyrir starfsmenn og sækja um styrki til sjóðsins. Þessi leið er tímafrek en skilar langsamlega mestu.
- Hafist var handa í lok árs 2008 að gera samninga við fræðsluaðila um að kynna þjónustu Starfsafls fyrir sínum viðskiptavinum og leiðbeiningar um umsóknir.
- Starfsmenn sjóðsins senda út rafrænt fréttabréf til ca 200 stærstu fyrirtækja á 30-45 daga fresti. 1 eða 2 fyrirtæki „bíta á agnið“ í hvert sinn. Þetta er ódýr leið en skilar ekki miklu í nýjum tenglum en minnir gamla viðskiptavini á þjónustu sjóðsins.
- Framkvæmdastjóri fer á fundi menntanefnda Samtaka atvinnulífsins og kynnir Starfsafl.
- Unnið er að því að komast inn á félög starfsmannastjóra en það hefur gengið treglega. Það getur án efa skilað miklu. Persónuleg tengsl við starfsmannastjóra og stjórnendur skipta miklu máli í starfi sjóðsins.
- Fræðslustjóri að láni er góð leið og breytir starfsmenntaumhverfi fyrirtækja, á því leikur enginn vafi, en þetta er frekar dýr leið og vinnufrek fyrir alla. Upp á langtímaárangur þá skilar þessi leið miklu.
- Starfsafl hefur fengið markaðsfyrirtæki til að gera frumathugun á okkar markhópi til að geta nálgast hann betur. Unnið er áfram að þessu verkefni.
- Framkvæmdastjóri hefur haldið erindi við ýmis tilefni og á ráðstefnum.

3. Helstu verkefni Starfsafls árið 2008.

Stjórnarfundir

Haldnir voru alls 16 stjórnarfundir á árinu 2008. Í stjórn sátu:

Nafn	Tilnefningaraðili	Annað
Árni Ingi Stefánsson	Samtök atvinnulífsins	
Gissur Pétursson	Samtök atvinnulífsins	Í stjórn til 10. jan 2008
Guðrún S. Eyjólfsdóttir	Samtök atvinnulífsins	Í stjórn frá 10. jan. 2008
María Guðmundsdóttir	Samtök atvinnulífsins	Varaformaður
Atli Lýðsson	Efling stéttarfélag (Flóabandalagið)	Stjórnarformaður
Kolbeinn Gunnarsson	Verkalýðsfélagið Hlíf (Flóabandalagið)	
Guðjón H. Arngrímsson	Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur (Flóabandalagið)	

Áfram var haldið á þeirri braut sem tekin var upp í árslok 2006 að halda stjórnarfundum hjá fyrirtækjum og kynna um leið starfsemi Starfsafls fyrir stjórnendum. Um leið fékk stjórn og starfsmenn Starfsafls mikilvæga kynningu og upplýsingar um starf fyrirtækjanna. Verður haldið áfram á sömu braut eftirleiðis, eftir því sem kostur er. Aðstæður fyrirtækja til að taka á móti heimsóknum eru þó eðlilega misjafnar. Fréttir af þessum heimsóknum eru settar jafnóðum á heimasíðu Starfsafls, www.starfsafl.is.

Aðrar heimsóknir

Starfsmenn Starfsafls fóru þar fyrir utan í heimsóknir á vinnustaði ýmist með stjórnarformanni til að hitta stjórnendur eða með fulltrúum Eflingar og annarra stéttarféлага innan Starfsafls til að kynna sjóðinn fyrir félagsmönnum félaganna. Einnig var farið reglulega í heimsóknir í fyrirtæki í Keflavík og nágrenni með starfsmönnum Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum (MSS).



Frá heimsókn og undirritun samninga um Starfsmannabjálfun Starfsafls við fyrirtækið Langbest ehf í Reykjanesbæ. Fyrirtækið hefur komið sér fyrir á Vallarsvæðinu og viðskiptin ganga vel.

Þróun nýrra námsleiða

Öryggisverðir

Starfsafl, Efling, Samtök atvinnulífsins og fleiri aðilar fengu styrk úr starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins árið 2007 til að þróa nýtt nám fyrir öryggisverði. Í verkefnisstjórn voru einnig fulltrúar frá öryggisfyrirtækjum, ríkislögreglustjóra, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, Mími símenntun og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sem tók að sér þarfagreiningu og námskrárgerð í samvinnu við hópinn. Að lokinni þarfagreiningu og námskrárvinnu, sem lauk í lok árs 2007, var námið sett af stað haustið 2008. Jafnframt var hafist handa við námsefnisgerð en þar er óþlæggður akur eins og víða í fullorðinsfræðslunni. Mikil eftirspurn er eftir námi fyrir öryggisverði og og var ánægjulegt að sjá námið komast á lagginnar á síðasta ári.



Frá setningu öryggisvarðanámsins haustið 2008, Atli Lýðsson, stjórnarformaður Starfsafls ávarpar nemendur.

Þjónustuliðar

Undirbúningur hélt einnig áfram fyrir nám fyrir þjónustuliða og verður leitað leiða til að aðlagja slíkt nám, sem er til fyrir hinn opinbera geira, fyrir fyrirtæki á hinum almenna markaði. Efling – stéttarfélag hefur leitt starfið en Starfsafl kemur að fjármögnun undirbúnings. Gefin var út námskrá árið 2007 og er verið að koma upp námi samkvæmt henni. Fundað var með tveim stærstu þjónustufyrirtækjunum á þessu sviði í lok árs 2008 og er stefnt að vinnu við að aðlagja námið árið 2009.

Ferðapjónustunám

Nýtt nám fyrr almenna starfsmenn í ferðapjónustu, „Færni í ferðapjónustu I“ hófst árið 2007 og árið 2008 tók Starfsafl þátt í undirbúningsvinnu vegna framhaldsnáms á sama sviði, „Færni í ferðapjónustu II“. Jafnframt var unnið að gerð námsefnis fyrir grunnnámið. Námið snýst um eðli og gildi ferðapjónustunnar, þjónustu, hlutverk á vinnumarkaði, hugmyndafræði og viðhorf, verkferla, samfélags- og staðarþekkingu og fleira.

Starfsmannaráðgjöf Starfsafls til smærri fyrirtækja

Starfsafl, Efling, Samtök atvinnulífsins og fleiri aðilar fengu styrk úr starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins til að þróa áfram leið til auka veg menntunar og þjálfunar innan fyrirtækja á almenna markaðnum. Var einkum horft á nýliðapjálfun og fólst verkefnið í því að lána út mannauðsráðgjafa til fyrirtækja, þeim að kostnaðarlausu sem fór yfir

verkferla við nýliðamóttöku o.fl. Verkefnið er framhald verkefnis sem var styrkt árið 2007 en árið 2008 var sjónum beint að smærri fyrirtækjum. Fjögur smærri fyrirtæki (minni en 30 starfsmenn) hófu þátttöku í verkefninu í lok ársins og mæltist það mjög vel fyrir. Forsvarsmenn fyrirtækjanna töluðu um að aðkoma mannauðsráðgjafa hefði breytt viðhorfum millistjórnenda og annarra til símenntunar og starfsþróunar. Samstarfsaðilar í verkefninu voru sem fyrr Minerva – fræðsla og ráðgjöf og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Sambærilegt verkefni fór í gang á landsbyggðinni undir umsjón Landsmenntar fræðslusjóðs. Búið var að vinna alla grunnvinnu í fyrra verkefninu þannig að í raun var bara að setja í gang með fyrirtækjum í markhópnum. Það er hins vegar erfiðara að nálgast þennan markhóp, smærri fyrirtæki, en stærri fyrirtæki og krefst meiri vinnu. Það er mat Starfsafls að þessi nálgun eigi eftir að skila sér í breyttum og jákvæðum viðhorfum til starfsmenntunar og miklum árangri í framtíðinni.

Þáttaka í Evrópuverkefnum

Mannaskiptaáætlun Leonardo

Starfsafl hefur átt samstarf við Eflingu stéttarfélag um umsókn og utanumhald vegna mannaskiptaverkefna á vegum starfsmenntaáætlunar ESB eða Leonardo verkefna. Styrkur fékkst til verkefnisins árið 2008. Nokkrir hópar hafa þegar farið eða eru í þann mund að fara á árinu 2009.

Ráðstefna um hlutverk og störf starfsmenntasjóða í Evrópu

Þá var framkvæmdastjóra boðið á sérstaka ráðstefnu um hlutverk starfsmenntasjóða í starfsmenntun á almennum vinnumarkaði, einkum þeirra sem eru undir stjórn aðila vinnumarkaðarins. Ráðstefnan var haldin í Grikklandi og tóku um 10 lönd þátt. Framkvæmdastjóri hélt þar erindi um „íslenska leiðina“ m.a. að lána út mannauðsráðgjafa (Starfsmannaráðgjöf Starfsafls) sem vakti verðskuldaða athygli. ESB greiddi allan kostnað vegna ferða framkvæmdastjóra. Grein hans birtist í vefrit ráðstefnunnar.

Aðgerðir vegna samdráttar á vinnumarkaði

Samstarf við símenntunarmiðstöðvar

Starfsafl tók í október frumkvæði að því að kalla eftir og safna saman þeim sérstöku úrræðum fyrir atvinnulausa sem símmenntunarmiðstöðvar á þjónustusvæði sjóðsins hafa til reiðu og kynna þær m.a. á heimasíðu sinni og í viðtölum stjórnendur fyrirtækja. Síðar tók við sérstakur vinnuhópur með þátttöku aðila vinnumarkaðarins og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og tók stjórnarformaður Starfsafls þátt í vinnu þess hóps. Það ber einnig að hafa í huga að þjónusta Starfsafls er í fyrsta lagi ætluð þeim hópi sem þegar er á vinnumarkaði en aðrir aðilar, eins og Vinnumálastofnun, bera aðalábyrgð á úrræðum fyrir atvinnulausa. Starfsafl hefur þó kappkostað að vinna með öllum aðilum til að samhæfa úrræði fyrir þá sem standa höllum fæti á vinnumarkaði.

Rýmri reglur við greiðslu einstaklingsstyrkja

Stjórn sjóðsins ákvað á fundi sínum í janúar að fella niður skilyrði um námslok til að fá styrk frá sjóðnum, nú nægir að skila inn frumriti kvittunar um greiðslu skólagjalda. Þetta var gert skv. ábendingu Vinnumálastofnunar sem fyrr segir.

Aukið samstarf við IÐUNA fræðslusetur

Starfsafl og IÐAN fræðslusetur náðu samkomulagi um að almennir starfsmenn og iðnlærðir fengju sama verð á námskeiðum IÐUNNAR og að Starfsafl greiddi mismuninn á félagsverði og almennu verði. Samningurinn gildir ef fyrirtæki sendir starfsmenn. Jafnframt var aukið samstarf við IÐUNA á sviði úrræða fyrir almenna starfsmenn í byggingariðnaði. Þau úrræði verða meira sýnileg á árinu 2009.

Aukin kynning í blöðum

Framkvæmdastjóri skrifaði greinar í félagsblöð og dagblöð þar sem hann minnti á þjónustu Starfsafls við fjármögnun fræðslu í fyrirtækjum.

4. Stefnumótunarfundur Starfsafls í október 2008

Þann 28. október 2008 héldu stjórn og starfsmenn Starfsafls stefnumótunarfund gistiðúsinu Frost og Funi í Hveragerði.

Áhersla var lögð á tvennt, viðbrögð við samdrætti á vinnumarkaði og hins vegar mat á Starfsmannaráðgjöf Starfsafls. Niðurstöður má sjá í starfsáætlun Starfsafls hér á eftir.

Helstu niðurstöður urðu þessar:

- Lögð áhersla á nýjar áherslu í Starfsmannaráðgjöf Starfsafls þ.e. að minnka áherslu á nýliðabjálfun og auka áherslu á fræðslustarf fyrirtækja með mótun símenntunaráætlana. Verkefnið yrði kallað „Fræðslustjóri að láni“ og leitað eftir samstarfi við fyrri samstarfsaðila í verkefninu.
- Lögð áhersla á að ljúka þeim námsleiðum sem eru í smíðum
- Lögð áhersla á kynningarmál og kynna þjónustu Starfsafls fyrir fyrirtækjum og félagsmönnum.
- Lögð minni áhersla á þátttöku í fræðilegum Evrópuverkefnum en þeim mun meiri áhersla á mannaskiptaáætlanir fyrirtækja.

Þessum niðurstöðum var safnað saman og þær útfærðar betur í sérstakri verkefnaáætlun en ágríp af henni fylgir hér á eftir.

5. Starfsáætlun Starfsafls 2009

Verkefni

1. *Markmið:* Sjóðurinn verður að vera enn sýnilegri en áður og bjóða úrræði í samstarfi við aðra vegna aukins atvinnuleysis, t.d. við Iðuna fræðslusetur.
Leiðir: Aukið samstarf við Iðuna t.d. þátttaka í gerð námstilboða, aukinn áróður í byggingageiranum um endurbjálfun og símenntun. Aukið samstarf við símenntunarmiðstöðvar um kynningu á námsúrræðum.
Ábyrgð: Starfsmenn Starfsafls
Tímarammi: Átak des 08-feb 09, annars stöðug virkni allt árið 2009
Annað: (1) Þegar er kominn samningur um námskeið sem gerir almennum starfsmönnum iðnfyrirtækja og annarra fyrirtækja kleift að sækja námskeið Iðunnar á sama verði og félagsmenn Iðunnar. Starfsafl greiðir mismuninn. Framkv.stj. hefur sent minnisblað um aðgerðir til Iðunnar og er það í skoðun hjá

Iðunni (fylgiskjal). (2) Efnt hefur verið til samstarfs við Mími, MSS og Námsflokka Hafnarfjarðar um kynningu og fjármögnun náms fyrir atvinnuleitendur og þá sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði.

2. *Markmið:* Markaðsáttak með aðstoð markaðsfræðings – auglýsingar og kynningar
Leiðir: Greining með markaðsfræðingi til að kynningarfé nýtist sem best. Samstarf við aðra fræðslusjóði og stéttarfélög almennra starfsmanna, einkum á SV-horninu (Efling, VR). Hvatt til menntunar og þjálfunar.
Ábyrgð: Starfsmenn Starfsafls
Tímarammi: Fundir með markaðsfræðingi nóv-des 08, vinnsla efnis des-jan, kynning jan-feb og síðan endurskoðað eftir þörfum.
Annað: Æskilegt væri að marka kostnaðarramma um verkefnið ef það er talið vænlegt.
3. *Markmið:* Endurskoða og auka umfang verkefnisins „Starfsmannaráðgjöf Starfsafls“.
Leiðir: Starfsmannaráðgjöf Starfsafls hefur reynst vel og einn aðalávinnur hennar er að breyta fyrirtækjamenningu í þá átt að gera hana fræðsluvænni. Það er ljóst að áhersla á nýliðabjálfun á ekki lengur upp á pallborðið hjá stjórnendum fyrirtækja. Því er lagt til að fræðsluefni og bæklingur verði endurskrifaðir að einhverju leyti og miðað við fræðslu- og þjálfunarráðgjöf, ekki síst endurbjálfun og breytingastjórnun. Nýliðabjálfun verður áfram inni en fær minna vægi. Verkefnið heiti ennþá „Starfsmannaráðgjöf Starfsafls“.
Ábyrgð: Starfsmenn Starfsafls
Tímarammi: Bæklingur og fræðsluefni umskrifað í nóv-des 08, nýr bæklingur í jan 08, endurskipulagt verkefni kynnt fyrirtækjum í jan 08 og áfram út árið.
Annað: Samstarf hefur tekist með öðrum fræðslusjóðum um að efna til lokaðs forvals meðal nokkurra mannauðsráðgjafa varðandi skrif á texta um starfsþróun. Hugmyndir voru uppi um að efna til ráðstefnu haustið 2008 um starfsþróun og þær verða endurskoðaðar í takt við breyttar aðstæður á vinnumarkaði.
4. *Markmið:* Skoða samstarf við Vinnumálastofnun – nám og atvinnuleysisbætur.
Leiðir: Þetta verkefni skarast eitthvað við 1. verkefni. Skoða verður með hlutverk og ábyrgð hvers aðila við aðstoð við hlutverk sem eru lögbundið vinstuð hjá þeim.
5. *Markmið:* Skoða fyrirkomulag einstaklingsstyrkja og skoða hækkun á fyrirtækjastyrkjum í einhverjum tilvikum.
Leiðir: Þetta verkefni verður að skoðast í samhengi við fjárhagslega getu sjóðsins og á sviði fyrirtækjastyrkja, í hverju tilviki.
Ábyrgð: Stjórn (leiðsögn)
Tímarammi: Allt árið 2009
6. *Markmið:* Greina hvaða störf við höfum mesta þörf fyrir eftir 2-5 ár og bregðast við því á viðeigandi hátt í markaðsstarfi og þátttöku í sköpun námstilboða.
Leiðir: Þetta verkefni verður að skoðast í samhengi við fjárhagslega getu sjóðsins. Einsýnt að það þurfi samráð við aðra aðila í starfsmenntageiranum t.d. FA og fræðslusjóði. Hugsanlega með opinbera geiranum einnig. En mjög mikilvægt verkefni. Ljóst er að horft er til ferðapjónustunnar við að skapa ný störf. Brýnt er að nota nýlegan samning við Iðuna til að bjóða upp á og efla námsúrræði í matvæla- og veitingagreinum fyrir almenna starfsmenn í ferðapjónustu.

7. *Markmið:* Endurnýjun vefsíðu Starfsafls.

Leiðir: Þetta verkefni er á frumstigi. Reikna má með að hægt sé að spara útlagðan rekstrarkostnað um 150-200 þús á ári en verkefnið krefst eitthvað meiri vinnu starfsmanna.

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri

Tímarammi: nóv 08 til mars 09

6. Fjárhagur Starfsafls

6.1 Rekstur 2008 – nokkrar lykiltölur

Fjárhagur Starfsafls stendur traustum fótum eins og sjá má í ársreikningum. Árið 2007 naut Starfsafl framlaga bæði frá ríkisvaldi og tekna frá starfmenntagjaldi. Engin framlög komu frá ríkinu frá og með árinu 2008. Samið var um í kjarasamningum Flóabandalagsins og Samtak atvinnulífsins í feb. 2008 að starfsmenntagjald myndi aukast frá og með 1. júlí 2008 úr 0,15% í 0,20%. Tekjur af þeirri hækkun byrjuðu að skila sér í september-október 2008.

Tekjur sjóðsins árið 2008 voru 107,3 m.kr, útgjöld (styrkir og rekstur) voru 69,6 m.kr. og eigið fé jókst um 37,7 m.kr. Eignir sjóðsins í árslok voru 178,5 m.kr. Ekki þarf að fjölýrða um þær hremmingar sem sjóðir af ýmsu tagi lentu í í bankahruninu haustið 2008. Allir fjármunir Starfsafls sluppu hins vegar óskaddaðir við áföll, ekki tapaðist svo mikið sem ein króna. Nafnávöxtun fjár sjóðsins var jákvæð um 18,1% sem þýðir að jafnvel raunávöxtun (nafnávöxtun umfram verðbólgu) sjóðsins árið 2008 var einnig jákvæð um u.þ.b. 1%.



Frá fundi með starfsmönnum Radison SAS 1919 þar sem kynntar voru reglur um einstaklingsstyrki, sept. 2008. Eftir að efnahagssamdrátturinn reið yfir haustið 2008 hefur verið mikil eftirspurn eftir einstaklingsstyrkjum Starfsafls, sem er jákvætt. Gert er ráð fyrir 40% aukningu útgjalda einstaklingsstyrkja á árinu 2009 miðað við fyrra ár.

6.2 Rekstraráætlun 2009 – nokkrar lykilstærðir

Rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2009 gerir ráð fyrir 15% lægri tekjum af starfsmenntagjaldi vegna samdráttar á vinnumarkaði, bæði í störfum og yfirvinnumagni. Um þetta ríkir hins vegar töluverð óvissa og eins með ávöxtun sjóða. Prósentutölur í svigum tilgreina áætlaða breytingu frá árinu 2008.

Áætlaðar tekjur ársins 2009:

- Framlög stéttarféлага (óbreytt)	7.000 þús kr
- Framlag starfsmenntagjalds, 0,20% (-15%)	65.031 þús kr
- Aðrir styrkir (innheimta loforða)	6.500 þús kr
- Vaxtatekjur (-8%)	<u>19.765 þús kr</u>

Tekjur ársins samtals, áætlun (-8%):	98.296 þús kr
--------------------------------------	---------------

Áætluð útgjöld 2009

- Laun, húsaleiga og annar rekstur (+11%)	19.446 þús kr
- Einstaklingsstyrkir (+40%)	53.676 þús kr
- Verkefnastyrkir (+34%)	<u>18.419 þús kr</u>

Útgjöld og styrkir ársins samtals, áætlun (+38%):	91.541 þús kr
---	---------------

Tekjur umfram gjöld (-82%)	6.754 þús kr
----------------------------	--------------

Áætlaðar eignir í lok árs 2009 (+4%)	185.279 þús kr
--------------------------------------	----------------

Kostnaður við styrkkrónu 2006	0,59 kr
Kostnaður við styrkkrónu 2007	0,42 kr
Kostnaður við styrkkrónu 2008, áætlun	0,38 kr
Kostnaður við styrkkrónu 2008, skv. ársreikningi (rauntala)	0,34 kr
Kostnaður við styrkkrónu 2009, áætlun	0,27 kr

Fyrir árið 2009 má því gera ráð fyrir að vaxtatekjur (u.þ.b. 19,7 m.kr.) dugi fyrir fyrir föstum rekstrargjöldum sem er góð þróun. Gert er ráð fyrir um 8% vöxtum á innistæður Starfsafls á síðari hluta ársins en mun hærri á fyrri hluta ársins. Þó er einsýnt að gæta verður ítrasta aðhalds í rekstri jafnframt því sem lögð verður áhersla á að koma verkefnastyrkjum í gagnið hjá fyrirtækjum til að öll meginmarkmið með starfsemi sjóðsins náist. Áfram er gert ráð fyrir miklu atvinnuleysi árið út árið 2009 og ljóst að eftirspurn eftir stuðningi sjóðsins mun aukast verulega frá fyrri árum. Vísbindingar á fyrri hluta árs 2009 benda eindregið til þess.